

Alþingi
Erindi nr. P 131/1865
komudagur 17.5.2005

Iðnaðarnefnd Alþingis

248. mál, stuðningur stjórnvalda við íslenska matreiðslumenn.

Verkefni Áforms hefur á undanförunum árum staðið fyrir kynningu og komið á sölu íslenskra matvæla á erlendum mörkuðum með nokkuð góðum árangri. Aðaláherslan hefur verið lög á lambakjöt til Bandaríkjanna og Evrópu en nú er að hefjast útflutningur á mjókurafurðum, ferskum fiski, eldisfiski o fleiri íslenskum afurðum til Bandaríkjanna.

Í öllum þessum verkefnum hefur með einum eða öðrum hætti verið leitað til íslenskra matreiðslumeistara sem reynst hefur afar vel.

Þá hefur verkefnið staðið fyrir sælkerahátíðinni Food and Fun síðastliðin 4 ár í samvinnu við matvælaframleiðendur og ferðaþjónustu aðila. Á þessa keppni höfum við boðið hingað til lands 12 erlendum matreiðslumeisturum frá Evrópu og Ameríku til að vinna á 12 íslenskum veitingastöðum. Tilgangurinn er að koma á góðum samskiptum á milli matreiðslumeistara í háum gæðaflokki sem hafa miðlað af reynslu sinni hér og einnig lært af okkar mönnum.

Árangur þessa samstarfs hefur með óumdeilanlegum hætti fært nýja strauma inni okkar mjög svo góðu veitingahúsaflóru. Mennt hafa einnig notfært sér Food and Fun til að kynna okkar ágæta hráefni sem leitt hefur til viðskipta. Hér hafa ætíð komið að þessu verkefni 12 veitingahús og samtals yfir 50 matreiðslumeistarar hafa komið hingað til lands á þennan viðburð á síðustu 4 árum.

Þessi viðburður er nú orðinn fastur þáttur í menningarlífi okkar hér heima og fyrirsjáanlegt að þessi viðburður á eftir að stækka enn frekar og gæði þeirra matreiðslumeistara sem koma á næstu árum á eftir að aukast enn frekar.

Þá stendur til að bjóða íslenskum úrvalsmatreiðslumeisturum að fara til Washington í haust og fá þeir að vinna á 12 af einum bestu veitingahúsum borgarinnar í tæpa viku og kynna þar íslenskan mat á kvöldin og kynna svo íslenskar afurðir í hinum glæsilegu verslunum Whole Foods Markets á daginn. Ef vel tekst til er meiningin að gera þetta að árvissum viðburði á haustin í öðrum borgum svo sem New York, Boston, Los Angeles og víðar.

Það er því unnið mjög markvisst að útflutningsmálum nú þegar í samvinnu við íslenska matreiðslumeistara.

Vil vekja athygli á því að Hótel og Matvælasfélag Íslands í Kópavog er afar glæsileg stofnun þar sem er saman komin gríðarlega mikil reynsla, frábærir kennarar og matreiðslumeistarar. Mér hefur ætíð fundist það vera traust og skynsamleg leið að sameina þar alla starfsemi íslenskrar matreiðslumeistara.

Þar er fastur punktur sem kominn er til að vera. Þar eru allar aðsæður og þekking til staðar og þar ættu hin félagslegu fagfélög að sameina krafta sína. Hættan við áhugamannahópana er ávallt sú að þar er skipt um stjórnir með reglulegu millibili og eins og allir vita þá eru þær jafn misjafnar og þær eru margar. Í skólanum er hinsvegar fastu punktur kominn til að vera. Þar er frábær aðstaða og mikil þekking.

Í mínu starfi og vinnu að Food and Fun og öðrum kynningum reyndi ég áður að hafa

samskipti við áhugahópana og það bara hreinlega gekk ekki af framangreindum ástæðum. Við höfum því ávallt haft okkar samskipti við skólann og starfsmenn þar og þessvegna hefur þetta gengið afar vel fyrir okkur og skólann. Það felst líka í því mikil viðurkenning fyrir skólann að hann fái góðan stuðning til að auka samvinnu á milli manna svo og fyrir nemendur að fá tækifæri til að koma að áhugaverðum verkefnum varðandi útflutning þegar það á við.

Varðandi liðina 1-3.

1. Sjálfsagt að leggja mat á þetta en þetta þiggur hinsvegar fyrir í skólanum.
2. Ef menn vilja auka stuðning til þessa starfs, ætti að gera það í gegnum skólann sjálfan sem síðan býður uppá þjónustu við atvinnulífið og samræmir aðgerðir. Við erum núna að reyna að kynna skólann erlendis í þeim tilgangi að bjóða nemendum frá öðrum löndum til að stunda nám í skólanum.
3. Það er nú svo komið að eftirspurn eftir íslenskum landbúnaðarafurðum er meiri en við verður ráðið sem stendur. Veit ekki betur en það gildi það sama um sjávarafurðir. Þar er eftirspurnin meiri en framboðið. Það er útilokað að selja til Evrópusambandslandanna aðrar landbúnaðarafurði en lambakjöt og þar er kvóti 1350 tonn á ári sem í fyrra var fullnýttur. Aðrar landbúnaðarafurðir til Evrópu bera mjög háa tolla. Þá er hvergi heimilt að að selja fullunnar afurðir nema mjólkurafurðir þeas skyr, smjör og osta.

Það er auðvitað af hinu góða ef stjórnvöld sjá sér fært að styðja þessa grein en mín skoðun er sú að það beri að gera í samvinnu við Hótel og Matvælasólann í Kópavogi. Annað myndi ekki skila jafn miklum og óumdeildum árangri.

Það er því ýmislegt búið að gera og mun halda áfram en betra væri ef skólinn hefði meira fjárhagslegt svigrúm til samvinnu og þátttöku í verkefnum en nú er.

Með kveðju,
Baldvin Jónsson